

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2003

2016/EES/52/06

frá 10. nóvember 2015

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 um hagskýrslur
Bandalagsins um upplýsingasamfélagið (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004 frá 21. apríl 2004 um hagskýrslur Bandalagsins um upplýsingasamfélagið ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 808/2004 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna evrópska hagskýrslugerð um upplýsingasamfélagið.
- 2) Framkvæmdarráðstafanir eru nauðsynlegar til að ákvarða gögnin sem láta á í té til undirbúnings hagskýrslna í Einingu 1: „Fyrirtæki og upplýsingasamfélagið“ og í Einingu 2: „Einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélagið“ og til að ákvarða fresti á sendingu þeirra.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslu-kerfið.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gögnin, sem senda skal fyrir evrópska hagskýrslugerð um upplýsingasamfélagið, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. og 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, skulu vera eins og tilgreint er í Einingu 1: „Fyrirtæki og upplýsingasamfélagið“ í I. viðauka og Einingu 2: „Einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélagið“ í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 294, 11.11.2015, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 49.

I. VIÐAUKI

Eining 1: Fyrirtæki og upplýsingasamfélagið

A. Viðfangsefni og skráningaratriði þeirra

- 1) Viðfangsefnin, sem fjallað verður um varðandi viðmiðunarárið 2016 úr skránni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004, skulu vera eftirfarandi:
 - a) upplýsinga- og samskiptatækni kerfi og notkun þeirra í fyrirtækjum,
 - b) notkun fyrirtækja á Netinu og öðrum rafrænum netkerfum,
 - c) rafræn verslun,
 - d) rafrænir ferlar í viðskiptum og skipulagsþættir,
 - e) upplýsinga- og fjarskiptatæknihæfni hjá fyrirtækjaeiningunni og þörfin á upplýsinga- og fjarskipta-tæknifærni,
 - f) hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni, Netinu og öðrum rafrænum netkerfum ásamt rafrænum ferlum í verslun og viðskiptum,
 - g) aðgangur að og notkun á tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki).
- 2) Safna skal eftirfarandi könnunatriðum varðandi fyrirtæki:

a) **Upplýsinga- og samskiptatækni kerfi og notkun þeirra í fyrirtækjum**

- i. fyrir öll fyrirtæki:
 - tölvunotkun,
- ii. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:
 - (valkvætt) starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota tölvur í atvinnuskyni.

b) **Notkun fyrirtækja á Netinu og öðrum rafrænum netkerfum**

- i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:
 - aðgangur að Netinu,
 - gefa út eða senda reikninga,
- ii. fyrir fyrirtæki sem hafa aðgang að Netinu:
 - starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota tölvur er hafa aðgang að Netinu í atvinnuskyni,
 - tenging við Netid: DSL-tengtækni eða aðrar tegundir fastrar breiðbandstengingar,
 - nettenging: færanleg breiðbandstenging um færanlegan búnað sem notar dreifikerfi farsíma („3G“ eða „4G“),
 - (valkvætt) nettenging: færanleg breiðbandstenging um fartölvu sem notar dreifikerfi farsíma („3G“ eða „4G“),
 - (valkvætt) nettenging: færanleg breiðbandstenging um annan færanlegan búnað, á borð við snjallsíma, sem notar dreifikerfi farsíma („3G“ eða „4G“),
 - starfsmenn eða hlutfall heildarfjölda starfsmanna sem nota i atvinnuskyni færanlegan búnað sem fyrirtækið veitir og gerir ráð fyrir nettengingu um dreifikerfi farsíma,
 - aðgangur að færanlegum búnaði sem veitir starfsfólki aðgang að nettengingu, i atvinnuskyni,
 - eru með vefsetur,

- notkun samfélagsmiðla, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,
 - notkun bloggs eða örbloggs fyrirtækja, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,
 - notkun vefsetra sem miðla margmiðlunarefni, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,
 - notkun wiki-tengdra tækja til þekkingarmiðlunar, ekki aðeins til að birta greiddar auglýsingar,
- iii. fyrir fyrirtæki sem hafa DSL-tengitækni eða aðrar tegundir fastrar breiðbandstengingar að Netinu:
- mældur hámarkshraði niðurrhals á hröðustu nettengingu í megabætum á sek: [0,< 2], [2,< 10], [10,< 30], [30,< 100], [≥100],
- iv. fyrir fyrirtæki sem eru með vefsetur, upplýsingar um framboð á eftirfarandi þjónustu:
- lýsingu á vörum eða þjónustu, verðlistar,
 - pöntun eða bókun á Netinu,
 - gestum er gert kleift að sérsníða eða sérhanna vörur eða þjónustu á Netinu,
 - fylgni við eða staða innlagðra pantana,
 - efni, sem er miðað að þörfum hvers og eins, á vefsetrinu fyrir fasta- eða reglulega gesti,
 - tengla eða vísanir til lýsinga á fyrirtækinu í samfélagsmiðlum,
 - (valkvætt) auglýsingu um lausar stöður eða atvinnuumsókn á Netinu,
- v. fyrir fyrirtæki sem bjóða starfsfólki sínu færanlegan búnað sem veitir aðgang að nettengingu í atvinnuskyni:
- aðgangur að færanlegum búnaði til að fá aðgang að tölvupóstkerfi fyrirtækisins,
 - aðgangur að færanlegum búnaði til að fá aðgang að og breyta skjölum fyrirtækisins,
 - aðgangur að færanlegum búnaði til að nota tiltekinn notkunarhugbúnað fyrir viðskipti.

c) Rafræn verslun

- i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:
- móttaka pantana sem lagðar voru fram á fyrra almanaksári á vörum og þjónustu um vefsetur eða „smáforrit“ (vefsölur),
 - móttaka pantana á vörum og þjónustu á fyrra almanaksári með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum, (sala með rafrænum gagnaskiptum),
 - (valkvætt) pantanir lagðar inn á vörum og þjónustu á fyrra almanaksári um vefsetur, „smáforrit“ eða með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum,
- ii. fyrir fyrirtæki sem hafa tekið á móti pöntunum um vefsetur eða „smáforrit“ á fyrra almanaksári:
- verðgildi eða hlutfall af heildarveltu sölu í rafrænni verslun sem leiðir af pöntunum sem lagðar voru inn um vefsetur eða smáforrit, á fyrra almanaksári,
 - hlutfall af sölu í rafrænni verslun (velta) til einkaneytenda (rafræn samskipti fyrirtækis við neytanda: B2C-samskipti) vegna pantana um vefsetur eða „smáforrit“ á fyrra almanaksári,
 - hlutfall af sölu í rafrænni verslun (velta) til annarra fyrirtækja (rafræn samskipti fyrirtækis við fyrirtæki: B2B-samskipti) og sölur í rafrænni verslun til opinberra yfirvalda (rafræn samskipti fyrirtækis við stjórnvísu: B2G-samskipti) vegna pantana um vefsetur eða „smáforrit“ á fyrra almanaksári,
 - (valkvætt) notkun greiðslukerfa á Netinu til sölu um vefsetur eða „smáforrit“ þ.e. greiðsla sem er samþætt pöntunarfærslunni,
 - (valkvætt) notkun greiðslukerfa utan Nets til sölu um vefsetur eða „smáforrit“, þ.e. greiðsla sem er ekki samþætt pöntunarfærslunni.

- iii. fyrir fyrirtæki sem hafa tekið á móti pöntunum á vörum eða þjónustu með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum:
 - virði eða hlutfall af heildarveltu sölu í rafrænni verslun sem leiðir af pöntunum sem tekið var við með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum, á fyrra almanaksári,
- iv. fyrir fyrirtæki sem hafa pantað vörur um vefsetur, smáforrit eða með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum eru eftirfarandi upplýsingar valkvæðar:
 - innlagðar pantanir á vörum eða þjónustu um vefsetur eða „smáforrit“ á fyrra almanaksári,
 - innlagðar pantanir á vörum eða þjónustu um boðskipti með rafrænum gagnaskiptum á fyrra almanaksári,
 - innlagðar pantanir á vörum eða þjónustu um vefsetur, „smáforrit“ eða með boðskiptum með rafrænum gagnaskiptum, að virði allt að 1% af virði heildarkaupna á fyrra almanaksári.

d) Rafrænin ferlar í viðskiptum og skipulagsþættir

- i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:
 - (valkvætt) greining á stórgögnum (e. Big Data), með því að nota eigin gögn fyrirtækisins frá snjalltækjum eða skynugum skynjurum sem gagnalindir, á fyrra almanaksári,
 - (valkvætt) greining á stórgögnum, með því að nota eigin landfræðileg staðsetningargögn fyrirtækisins sem gagnalind, á fyrra almanaksári,
 - (valkvætt) greining á stórgögnum, með því að nota eigin gögn fyrirtækisins af samfélagsmiðlum sem gagnalind, á fyrra almanaksári,
 - (valkvætt) greining á stórgögnum, með því að nota önnur eigin gögn fyrirtækisins, sem hafa enn ekki verið skilgreind, sem gagnalindir á fyrra almanaksári,
- ii. fyrir fyrirtæki sem greina stórgögn:
 - (valkvætt) starfsmenn fyrirtækisins eru nýttir til að framkvæma greiningu á stórgögnum,
 - (valkvætt) utanaðkomandi þjónustuaðilar eru nýttir til að framkvæma greiningu á stórgögnum,
- iii. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:
 - gefa út/senda allar tegundir af reikningum á fyrra almanaksári til annarra fyrirtækja, með rafrænum hætti eða á pappír,
 - gefa út/senda allar tegundir af reikningum á fyrra almanaksári til opinberra yfirvalda, með rafrænum hætti eða á pappír,
 - gefa út/senda allar tegundir af reikningum á fyrra almanaksári til einkaneytenda, með rafrænum hætti eða á pappír,
 - hlutfall allra reikninga sem tekið var á móti á fyrra almanaksári sem rafrænum reikningum í stöðluðu fyrirkomulagi sem henta sjálfvirkri vinnslu (e. eInvoices),
 - hlutfall allra reikninga sem tekið var á móti á fyrra almanaksári á pappír eða með rafrænum hætti í stöðluðu fyrirkomulagi og henta ekki sjálfvirkri vinnslu,
- iv. fyrir fyrirtæki sem gefa út/senda reikninga til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda á fyrra almanaksári,
 - hlutfall allra reikninga sem voru gefnir út/sendir á fyrra almanaksári til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda sem rafrænin reikningar í stöðluðu fyrirkomulagi sem hentar sjálfvirkri vinnslu,
 - hlutfall allra reikninga sem voru gefnir út/sendir á fyrra almanaksári til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda með rafrænum hætti í stöðluðu fyrirkomulagi sem hentar ekki sjálfvirkri vinnslu,
 - hlutfall allra reikninga sem voru á fyrra almanaksári einungis gefnir út/sendir til annarra fyrirtækja eða opinberra yfirvalda á pappír.

e) **Upplýsinga- og fjarskiptatæknihæfni hjá fyrirtækjaeiningunni og þörfin á upplýsinga- og fjarskiptatæknifærni**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

- ráðning sérfræðinga á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni,
- hvers konar aðgangur að tegund þjálfunar til að þróa færni sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir sérfræðinga á því sviði á fyrra almanaksári,
- hvers konar aðgangur að tegund þjálfunar til að þróa færni sem tengist upplýsinga- og fjarskiptatækni fyrir aðra starfsmenn á fyrra almanaksári,
- ráðning eða tilraun til ráðningar sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári,
- framkvæmd á eftirfarandi störfum á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári, skipt niður í „Einkum af eigin starfsfólki, þ.m.t. þeim sem ráðnir hafa verið hjá móðurfélögum eða eignatengdum fyrirtækjum“, „Einkum af utanaðkomandi birgjum“, eða „Á ekki við“:
- viðhald á innviðum upplýsinga- og fjarskiptatækni (netþjónum, tölvum, prenturum, netkerfum),
- stuðningur við skrifstofuhugbúnað,
- þróun stjórnunarhugbúnaðs viðskiptakerfa,
- stuðningur við stjórnunarhugbúnað viðskiptakerfa,
- þróun vefforrita,
- stuðningur við vefforrit,
- vernd og gagnaöryggi,

ii. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur og hafa ráðið eða reynt að ráða sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni á fyrra almanaksári:

- lausar stöður fyrir sérfræðinga í upplýsinga- og fjarskiptatækni sem var erfitt að ráða í.

f) **Hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni, Netinu og öðrum rafrænum netkerfum ásamt rafrænum ferlum í verslun og viðskiptum**

i. fyrir fyrirtæki sem nota tölvur:

- (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna vara eða þjónustu sem henta ekki til vefsölu,
- (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna vandamála sem tengjast birgðastjórnun,
- (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna vandamála sem tengjast greiðslu,
- (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna vandamála sem tengjast öryggisstefnu í upplýsinga- og fjarskiptatækni eða gagnavernd,
- (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna vandamála sem tengjast lagarammanum,
- (valkvætt) hindranir sem takmarka eða koma í veg fyrir sölu um vefsetur eða „smáforrit“, vegna óhófllega háa fjárfestingarkostnaðar í samanburði við áætlaðan ávinning.

g) **Aðgangur að og notkun á tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki)**

i. fyrir fyrirtæki sem hafa aðgang að Netinu:

- fjaraðgangur að tölvupóstkerfi, gögnum og hugbúnaði fyrirtækisins,
- greiðsla auglýsinga á Netinu,
- notkun skýjavinnsluþjónustu, að undanskilinni ókeypis þjónustu,

- ii. fyrir fyrirtæki sem greiða fyrir auglýsingar á Netinu með því að nota eina af eftirfarandi aðferðum við markmiðaðar auglýsingar:
 - auglýsingaaðferð sem er byggð á efni vefseturs eða lykilorðum við leit notenda,
 - auglýsingaaðferð sem er byggð á því að rekja fyrri netnotkun eða prófil notenda,
 - auglýsingaaðferð sem er byggð á landfræðilegri staðsetningu notenda Netsins,
 - aðrar aðferðir við markmiðaðar auglýsingar á Netinu sem eru ekki tilgreindar hér að ofan,
- iii. fyrir fyrirtæki sem hafa aðgang að Netinu og kaupa skýjavinnsluþjónustu:
 - notkun tölvupósts sem skýjavinnsluþjónustu,
 - notkun skrifstofuhugbúnaðar sem skýjavinnsluþjónustu,
 - hýsing á gagnagrunni eða gagnagrunnum fyrirtækisins sem skýjavinnsluþjónustu,
 - geymsla skjala sem skýjavinnsluþjónustu,
 - notkun fjármála- eða bókhaldshugbúnaðar sem skýjavinnsluþjónustu,
 - notkun hugbúnaðar fyrir stjórnun viðskiptatengsla (CRM) sem skýjavinnsluþjónustu,
 - notkun tölvuafgjafa til að knýja eigin hugbúnað fyrirtækisins sem skýjavinnsluþjónustu,
 - notkun skýjavinnsluþjónustu, sem fengin er frá sameiginlegum netþjónum þjónustuveitenda,
 - notkun skýjavinnsluþjónustu, sem afhent er frá netþjónum þjónustuveitanda sem eru algjörlega fráteknir fyrir fyrirtækið.

3) Safna skal, fyrir öll fyrirtæki, eftirfarandi bakgrunnsatriðum um fyrirtæki eða nálgast þau eftir öðrum leiðum:

- aðalatvinnustarfsemi fyrirtækisins á fyrra almanaksári,
- meðalfjöldi starfsmanna á fyrra almanaksári,
- heildarvirði veltu, að undanskildum virðisaukaskatti, á fyrra almanaksári.

B. Umfang

Safna skal skráningaratriðum sem tilgreind eru í 2. og 3. lið A-hluta fyrir eftirfarandi flokka fyrirtækja:

1) Atvinnustarfsemi: fyrirtæki sem falla undir eftirfarandi flokka í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, endursk. 2):

Flokkur í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna	Lýsing
Báلكur C	„Framleiðsla“
Báلكur D, E	„Rafmagns-, gas- og hitaveitur, vatnsveita, fráveita og meðhöndlun úrgangs“
Báلكur F	„Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð“
Báلكur G	„Heild- og smásöluverslun; viðgerðir á vélknúnum ökutækjum og bifhjólum“
Báلكur H	„Flutningar og geymsla“
Báلكur I	„Rekstur gististaða og veitingarekstur“
Báلكur J	„Upplýsingar og fjarskipti“

Flokkur í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna	Lýsing
Bálfur L	„Fasteignaviðskipti“
Deildir 69–74	„Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi“
Bálfur N	„Stjórnunar og stoðstarfsemi“
Flokkur 95.1	„Viðgerðir á tölum og fjarskiptabúnaði“

- 2) Stærð fyrirtækis: fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri. Valfrið er hvort fjallað er um fyrirtæki með færri en 10 starfsmenn.
- 3) Landfræðilegt gildissvið: fyrirtæki sem eru staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

C. Viðmiðunartímabil

Viðmiðunartímabilið er árið 2015 fyrir skráningaratriðin sem vísa til fyrra almanaksárs. Viðmiðunartímabilið er árið 2016 fyrir hin skráningaratriðin.

D. Sundurliðanir á gögnum

Afhenda á eftirtalin bakgrunnsatriði að því er varðar viðfangsefni og skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið í A-hluta:

- 1) Sundurliðun eftir atvinnustarfsemi: samkvæmt eftirfarandi samtölum í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.):

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, samtala (NACE, 2. endursk.)

fyrir hugsanlegan útreikning á landbundnum samtölum

10–18

19–23

24–25

26–33

35–39

41–43

45–47

47

49–53

55

58–63

68

69–74

77–82

26.1–26.4, 26.8, 46.5, 58.2, 61, 62, 63.1, 95.1

Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, samtala (NACE, 2. endursk.)

 fyrir hugsanlegan útreikning á landbundnum samtölum

10–12

13–15

16–18

26

27–28

29–30

31–33

45

46

55–56

58–60

61

62–63

77–78 + 80–82

79

95.1

- 2) Sundurliðun eftir stærðarflokkum: sundurliða skal gögn í eftirfarandi stærðarflokka eftir fjölda starfsmanna:
-

Stærðarflokkur

10 starfsmenn eða fleiri

10–49 starfsmenn

50–249 starfsmenn

250 starfsmenn eða fleiri

 afhenda skal sundurliðun á gögnunum í samræmi við eftirfarandi töflur, þegar við á:

Stærðarflokkur

Færri en 10 starfsmenn (valkvætt)

Færri en 5 starfsmenn (valkvætt)

5–9 starfsmenn (valkvætt)

E. Tíðni

Leggja skal fram gögnin, sem krafist er í þessum viðauka, einu sinni fyrir árið 2016.

F. Frestur sem veittur er til að senda niðurstöður

- 1) Senda skal gagnasöfnin, sem um getur í 6. gr. og 6. mgr. I. viðauka við reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) fyrir 5. október 2016, merkt með trúnaðarmerki eða óáreiðanleikamerki þegar nauðsyn krefur. Þann dag skal gagnasafnið vera fullgert, fullgilt og samþykkt.
 - 2) Senda skal lýsigögnin, sem vísað er til í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópubandalaganna fyrir 31. maí 2016.
 - 3) Senda skal gæðaskýrsluna, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins fyrir 5. nóvember 2016.
 - 4) Afhenda skal Hagstofu Evrópusambandsins gögnin og lýsigögnin í samræmi við skiptistaðalinn sem Hagstofa Evrópusambandsins tilgreindi, með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu. Afhenda skal lýsigögnin og gæðaskýrsluna á stöðluðu lýsigagnaskipulagi sem Hagstofa Evrópusambandsins hefur skilgreint.
-

*II. VIÐAUKI***2. eining: Einstaklingar, heimili og upplýsingasamfélagið****A. Viðfangsefni og skráningaratriði þeirra**

- 1) Viðfangsefnin, sem fjallað verður um að því er varðar viðmiðunarárið 2016, eru valin úr skránni í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 808/2004 og eru eftirfarandi:
 - a) aðgangur að og notkun einstaklinga og/eða heimila á upplýsinga- og samskiptatækni,
 - b) notkun einstaklinga og/eða heimila á Netinu og öðrum rafrænum kerfum í mismunandi tilgangi,
 - c) öryggi og traust í upplýsinga- og fjarskiptatækni,
 - d) hæfni og færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni,
 - e) hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni og Netinu,
 - f) notkun einstaklinga á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að skiptast á upplýsingum og þjónustu við hið opinbera og opinbera stjórnsýslu (rafræn stjórnsýsla),
 - g) aðgangur að og notkun tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki).
- 2) Safna skal eftirfarandi könnunaratríðum sem eru:
 - a) **Aðgangur að og notkun einstaklinga og/eða heimila á upplýsinga- og fjarskiptatækni**
 - i. fyrir öll heimili:
 - aðgangur að Netinu á heimilinu (með hvaða búnaði sem er),
 - ii. fyrir heimili með netaðgang:
 - nettenging: föst breiðbandstenging, s.s. DSL-tengitækni, ADSL-tenging, VDSL-tenging, kapall, ljósleiðarakapall, gervihnattasamband, almennar WiFi-tengingar (þráðlaust staðarnet),
 - nettenging: færanleg breiðbandstenging (um dreifikerfi farsíma, sem er að minnsta kosti 3G, t.d. altæka farsímakerfið með því að nota SIM-kort eða USB-lykil, farsíma eða snjallsíma sem mótaled),
 - (valkvætt) nettenging: hringiaðgangur með hefðbundinni símalínu eða ISDN-tengingu,
 - (valkvætt) nettenging: farsímatenging um mjóband (um dreifikerfi farsíma, neðar en 3G, t.d. 2G+/GPRS, með því að nota SIM-kort eða USB-lykil, farsíma eða snjallsíma sem mótaled),
 - b) **Netnotkun einstaklinga og/eða heimila í mismunandi tilgangi**
 - i. fyrir alla einstaklinga:
 - Netíð síðast notað (á undanförunum 3 mánuðum, á bilinu 3 mánuðir til eitt ár, fyrir meira en einu ári, hefur aldrei notað Netíð),
 - ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netíð:
 - Netíð síðast notað til netviðskipta í eigin þágu (á undanförunum 3 mánuðum, á bilinu 3 mánuðir til eitt ár, fyrir meira en einu ári, hefur aldrei keypt neitt eða pantað á Netinu),
 - iii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netíð á undanförunum 3 mánuðum:
 - meðaltíðni Netnotkunar á undanförunum 3 mánuðum (daglega eða nær daglega, a.m.k. vikulega (en ekki daglega), sjaldnar en vikulega),
 - notkun á borðtölvu til að nota Netíð á undanförunum 3 mánuðum,
 - notkun á fartölvu eða fistölvu til að nota Netíð á undanförunum 3 mánuðum,
 - notkun á spjaldtölvu til að nota Netíð á undanförunum 3 mánuðum,

- notkun á farsíma eða snjallsíma til að nota Netið á undanförunum 3 mánuðum,
- notkun á öðrum fartækjum (t.d. margmiðlunar- eða leikjaspilara, lestölvu, snjallúri) til að nota Netið á undanförunum 3 mánuðum,
- notkun snjallsjónvarps (beintengt við Netið, t.d. í gegnum WiFi-tengingar (þráðlaust staðnet), ekki í gegnum annað tæki til að nota sem stærri skjá) til að nota Netið á undanförunum 3 mánuðum,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að senda og taka á móti tölvupósti,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum fyrir talsímtöl um Netið, myndsímtöl (með vefmyndavél) um Netið (með því að nota hugbúnað),
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að taka þátt í samfélagsmiðlum (búa til notendalýsingu, senda inn skilaboð eða með annars konar framlagi),
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að lesa fréttir, dagblöð eða fréttatímarit á netinu,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til upplýsingaöflunar varðandi vörur eða þjónustu,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að spila eða hlaða niður leikjum,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að hlusta á tónlist (t.d. vefútvarp, tónlistarstreymi),
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að horfa á sjónvarpsstreymi í gegnum netið (beint eða tímaflakk) í gegnum sjónvarpsstöðvar,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að horfa á pöntunarsjónvarp frá viðskiptaþjónustu,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að horfa á myndbandsefni frá samnýtingarþjónustu,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að hlaða upp eigið efni (s.s. texta, myndir, myndbönd, tónlist, hugbúnað) til miðlunar á vefsetri,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að búa til vefsetur eða blogg,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að leita upplýsinga er varða heilsu,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að koma á fundi við sérfræðinga fyrir milligöngu vefseturs (t.d. vefsetur sjúkrahúsa eða heilsugæslustöðva),
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til notkunar á þjónustu í tengslum við ferðir eða ferðatengda gistingu,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til sölu á vörum eða þjónustu (t.d. með uppboðum á Netinu),
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til bankaviðskipta á Netinu,
- Netið notað í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að nota greiðslureikninga til að borga fyrir vörur eða þjónustu sem keypt er á Netinu,
- notkun á geymslusvæði á Netinu í eigin þágu á undanförunum 3 mánuðum til að vista gögn, myndir, tónlist, myndbönd eða aðrar skrár (t.d. Google Drive, Dropbox, Windows OneDrive, iCloud, Amazon Cloud Drive),
- Netið notað á undanförunum 3 mánuðum til að stunda nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu með því að sækja námskeið á Netinu,

- Netið notað á undanförunum 3 mánuðum til að stunda nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu til að nota annað efni á Netinu en heilt námskeið (t.d. hljóð- og myndmiðlunarefni, námsforrit á netinu, rafrænar kennslubækur),
 - Netið notað á undanförunum 3 mánuðum til að stunda nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu með því að eiga samskipti við leiðbeinendur eða nema með því að nota vefsetur eða vefgáttir ætlaðar til náms,
 - (valkvætt) Netið notað á undanförunum 3 mánuðum til að stunda annað nám í menntunarskyni, atvinnuskyni eða í eigin þágu,
- iv. fyrir einstaklinga sem hafa notað snjallsjónvarp á undanförunum 3 mánuðum til að nota Netið:
- snjallsjónvarp notað á undanförunum 3 mánuðum til að horfa á sjónvarpsstreymi í gegnum netið (beint eða tímaflakk),
 - snjallsjónvarp notað á undanförunum 3 mánuðum til að horfa á annað myndbandsefni (í gegnum pöntunarsjónvarp eða frá samnýtingarþjónustu),
 - snjallsjónvarp notað á undanförunum 3 mánuðum til netskoðunar í gegnum smáforrit fyrir vafra,
 - snjallsjónvarp notað á undanförunum 3 mánuðum til að nota önnur smáforrit (t.d. Skype, Facebook, leiki, verslun á Netinu),
- v. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum:
- Netið notað til að kaupa eða selja hlutabréf, skuldabréf, fjármagn eða aðra fjárfestingarþjónustu á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að kaupa eða endurnýja fyrirleggjandi váttryggingarsamninga, þ.m.t. þá sem boðið er upp á sem hluta af pakka með annarri þjónustu (t.d. ferðatrygging sem boðið er upp á með flugmiða) á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að taka lán eða semja um lánsfrest hjá bönkum eða öðrum veitendum fjármálaþjónustu á undanförunum 12 mánuðum,
- vi. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið í eigin þágu til netviðskipta á undanförunum 12 mánuðum:
- Netið notað til að panta matvæli eða matvörur á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta muni til heimilisnota á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta lyf á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta fatnað eða íþróttavörur á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta tölvuvélbúnað á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta rafeindabúnað (þ.m.t. myndavélar) á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta fjarskiptaþjónustu (t.d. sjónvarp, breiðbandsáskriftir, fastlínu- eða farsímaáskriftir, upphal fjármuna á fyrirframgreidd símakort) á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta orlofsgistingu (s.s. hótél) á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta annars konar ferðatilhögun (s.s. farseðla, bílaleigu) á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta aðgangsmiða á viðburði á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta kvikmyndir eða tónlist á undanförunum 12 mánuðum,
 - Netið notað til að panta bækur, tímarit eða dagblöð (þ.m.t. rafrænar bækur) á undanförunum 12 mánuðum,

- Netið notað til að panta rafrænt námsefni á undanförunum 12 mánuðum,
- Netið notað til að panta skjáleikshugbúnað, annan tölvuhugbúnað eða hugbúnaðaruppfærslur á undanförunum 12 mánuðum,
- Netið notað til að panta aðrar vörur eða þjónustu á undanförunum 12 mánuðum,
- vörur eða þjónusta keypt eða pöntuð á undanförunum 12 mánuðum frá innlendum seljendum,
- vörur eða þjónusta keypt eða pöntuð á undanförunum 12 mánuðum frá seljendum í öðrum ESB-löndum,
- vörur eða þjónusta keypt eða pöntuð á undanförunum 12 mánuðum frá seljendum sem eru þriðju aðilar,
- vörur eða þjónusta keypt eða pöntuð á undanförunum 12 mánuðum þar sem upprunaland seljenda er óþekkt,
- fjöldi pantana eða magn vöru eða þjónustu sem keypt er á Netinu á undanförunum 3 mánuðum (fjöldi pantana/kaupa eða í flokkunum: 1–2 pantanir/kaup; á milli > 2 og 5 pantanir/kaup; á milli > 5 og 10 pantanir/kaup, > 10 pantanir/kaup),
- heildarvirði vöru eða þjónustu (að undanskildum hlutabréfum eða annarri fjármálaþjónustu) sem keypt er á Netinu á undanförunum 3 mánuðum (fjárhæð í evrum eða í flokkunum: minna en 50 evrur, frá 50 evrum til minna en 100 evra, frá 100 evrum til 500 evra, frá 500 evrum til minna en 1000 evra, 1000 evrur eða meira, óþekkt),
- (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum í formi bilunar í tækjabúnaði vefseturs við pöntun eða greiðslu,
- (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum í formi vandkvæða við að finna upplýsingar um ábyrgðir og annan lagalegan rétt,
- (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar afhending tekur lengri tíma en tilgreint var,
- (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar endanlegur kostnaður er hærri en tilgreint var (t.d. hærri afhendingarkostnaður, óvænt millifærslugjald),
- (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar rangar vörur eða skemmdar vörur eru afhentar,
- (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar vandkvæði verða vegna svika (t.d. engin vara eða þjónusta hefur verið móttækin, misnotkun á kreditkortaupplýsingum),
- (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar upp koma erfiðleikar varðandi kvartanir og lagfæringar eða þegar ekki fást viðunandi svör við kvörtunum,
- (valkvætt) vandi sem tengist netviðskiptum þegar erlendur smásali selur ekki til ríkis svaranda,
- (valkvætt) annar vandi sem tengist netviðskiptum,
- (valkvætt) engin vandamál sem tengjast netviðskiptum,
- tíðni þess hversu oft upplýsingar eru notaðar frá vefsetrum ýmissa smásala, framleiðenda eða þjónustuveitenda áður en verslað er á Netinu á undanförunum 12 mánuðum, tilgreina skal hvort þær voru notaðar í hvert skipti, næstum hvert skipti, stundum, sjaldan eða aldrei,
- tíðni þess hversu oft upplýsingar eru notaðar um verð eða vörur frá samanburðarvefsetrum eða smáforritum áður en verslað er á Netinu á undanförunum 12 mánuðum, tilgreina skal hvort þær voru notaðar í hvert skipti, næstum hvert skipti, stundum, sjaldan eða aldrei,
- tíðni þess hversu oft upplýsingar eru notaðar frá rýni viðskiptavina á vefsetrum eða bloggi áður en verslað er á Netinu á undanförunum 12 mánuðum, tilgreina skal hvort þær voru notaðar í hvert skipti, næstum hvert skipti, stundum, sjaldan eða aldrei,
- vörur eða þjónusta sem er keypt eða pöntuð með því að smella á/kaupa beint í gegnum auglýsingu á vefsetri samfélagsmiðils eða smáforrits á undanförunum 12 mánuðum.

c) Öryggi og traust í upplýsinga- og fjarskiptatækni

- i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförunum 12 mánuðum:
 - uppgæfnar persónuupplýsingar á Netinu á undanförunum 12 mánuðum í formi persónulegra upplýsinga (t.d. nafn, fæðingardagur og -ár, kennitala),
 - uppgæfnar persónuupplýsingar á Netinu á undanförunum 12 mánuðum í formi samskiptaupplýsinga (t.d. heimilisfang, símanúmer, tölvupóstur),
 - uppgæfnar persónuupplýsingar á Netinu á undanförunum 12 mánuðum í formi greiðsluupplýsinga (t.d. kredit- eða debetkortanúmer, númer bankareiknings),
 - aðrar uppgæfnar persónuupplýsingar á Netinu á undanförunum 12 mánuðum, t.d. myndir, núverandi dvalarstaður, upplýsingar um heilsu, atvinnu, laun,
 - engar persónuupplýsingar gefnar upp á Netinu á undanförunum 12 mánuðum,
 - lásu stefnu varðandi friðhelgi einkalífsins áður en þeir gáfu upp persónuupplýsingar á Netinu á undanförunum 12 mánuðum,
 - takmarkaður aðgangur að landfræðilegri staðsetningu á undanförunum 12 mánuðum,
 - takmarkaður aðgangur að prófil eða efni á vefsetrum samfélagsmiðla á undanförunum 12 mánuðum,
 - höfnuðu að heimila notkun persónuupplýsinga í auglýsingaskyni á undanförunum 12 mánuðum,
 - gengu úr skugga um á undanförunum 12 mánuðum að vefsetur, þar sem krafist var persónuupplýsinga, væri öruggt (t.d. https vefsetur, öryggiskennimerki eða öryggisskírteini),
 - óskuðu eftir því að vefsetur eða leitarvélar nálguðust upplýsingar sem þær geyma um svaranda, í þeim tilgangi að uppfæra þær eða eyða þeim, á undanförunum 12 mánuðum,
 - vitund um að hægt sé að nýta smygildi til að rekja ferðir fólks á Netinu, til að gera snið af hverjum notanda og sérsníða auglýsingar á þjónustu að notendum,
 - (valkvætt) áhyggjur af því að athafnir á Netinu séu skráðar til að búa til sérsníðnar auglýsingar, tilgreina skal stíð áhyggna sem miklar áhyggjur, nokkrar áhyggjur eða engar áhyggjur,
 - hafa jafnvel breytt öryggisstillingum á netvafra til að koma í veg fyrir eða takmarka fjölda smygilda sem vistuð eru á tölvunni,
 - notkun hugbúnaðar sem vinnur gegn því að rekja feril notanda.

d) Hæfni og færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni

- i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförunum 12 mánuðum:
 - færni í að millifæra skrár á milli tölva og annars búnaðar,
 - færni í að setja upp hugbúnað eða forrit (smáforrit),
 - færni í að breyta stillingum hugbúnaðar, þ.m.t. stýrikerfa eða öryggisforrita,
 - færni til að afrita eða færa til skrár eða möppur,
 - færni í að nota ritvinnsluhugbúnað,
 - færni í að búa til kynningar eða skjöl með texta, myndum, töflum eða línurit,
 - færni í að nota töflureiknishugbúnað,
 - færni í að breyta myndum, myndböndum eða hljóðskrár,
 - færni í að skrifa kóða á forritunarmáli,

- ii. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið og töflureiknishugbúnað á undanförunum 12 mánuðum:
 - færni í að nota sérhæfðar aðgerðir í töflureiknishugbúnaði til að skipuleggja og greina gögn, s.s. flokka, sía, nota reiknireglur og búa til línurit.
- e) **Hindranir við notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni og Netinu**
- i. fyrir heimili sem eru ekki með aðgang að Netinu, tilgreina skal ástæðu þess að ekki er aðgangur að Netinu heima fyrir:
 - hafa aðgang að Netinu annars staðar,
 - hafa ekki þörf fyrir Netið þar sem það nýtist ekki eða er ekki áhugavert,
 - of hár kostnaður við búnaðinn,
 - of hár kostnaður vegna aðgangsins (t.d. síma- og stafræn áskrifendatækni),
 - færni er ekki fyrir hendi,
 - áhyggjur af friðhelgi eða öryggi einkalífs,
 - ekki aðgangur að breiðbandstengingu á svæðinu,
 - ástæða eða ástæður af öðrum toga.
- f) **Notkun einstaklinga á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að skiptast á upplýsingum og þjónustu við hið opinbera og opinbera stjórnsýslu (rafræn stjórnsýsla)**
- i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförunum 12 mánuðum:
 - Netið notað í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum til að afla upplýsinga af vefsetrum opinberra yfirvalda eða opinberra þjónustuaðila,
 - Netið notað í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum til að hala niður opinberum eyðublöðum af vefsetrum opinberra yfirvalda eða opinberra þjónustuaðila,
 - Netið notað í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum til að skila útfylltum vefeyðublöðum til opinberra yfirvalda eða opinberra þjónustuaðila.
 - ii. fyrir einstaklinga sem skiluðu ekki útfylltum eyðublöðum á vefsetrum opinberra yfirvalda í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum og skiluðu þeim ekki inn af eftirfarandi ástæðum:
 - framlagning opinberra eyðublaða var ónaðsynleg,
 - iii. fyrir einstaklinga sem skiluðu ekki útfylltum eyðublöðum á vefsetrum opinberra yfirvalda í eigin þágu á undanförunum 12 mánuðum og skiluðu þeim ekki inn, þrátt fyrir að framlagning opinberra eyðublaða væri nauðsynleg, af einni af eftirfarandi ástæðum:
 - engin slík vefsetursþjónusta var tiltæk,
 - skortur á færni eða þekkingu (vissi t.d. ekki hvernig nota skyldi vefsetur eða notkunin var of flókin),
 - áhyggjur af vernd og öryggi persónuupplýsinga,
 - (valkvætt) skortur eða vandkvæði varðandi rafræna undirskrift eða rafræn auðkenni/rafrænt vottorð sem krafist er til auðkenningar eða til að geta notað þjónustuna,
 - annar aðili gerði það fyrir hönd svaranda (t.d. ráðgjafi, skattaráðgjafi, skyldmenni eða aðstandandi),
 - önnur ástæða þess að leggja ekki fram útfyllt eyðublöð til opinberra yfirvalda á Netinu.

g) **Aðgangur að og notkun tækni sem gefur færi á að tengjast Netinu eða öðrum netkerfum hvar og hvenær sem er (gegnumsmeygur tengjanleiki)**

- i. fyrir einstaklinga sem hafa notað Netið á undanförunum 3 mánuðum:
- notkun farsíma eða snjallsíma til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförunum 3 mánuðum,
 - notkun farsíma (eða snjallsíma) um dreifikerfi farsíma til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförunum 3 mánuðum,
 - notkun farsíma (eða snjallsíma) um þráðlaust netkerfi (t.d. WiFi-tengingar) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförunum 3 mánuðum,
 - notkun fartölvu (t.d. fartölvu, spjaldtölvu) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförunum 3 mánuðum,
 - notkun fartölvu (t.d. fartölvu eða spjaldtölvu) um dreifikerfi farsíma, með því að nota minnislykil eða SIM-kort eða farsíma eða snjallsíma fyrir mótað, til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförunum 3 mánuðum,
 - notkun fartölvu (t.d. fartölvu eða spjaldtölvu) um þráðlaust netkerfi (t.d. WiFi-tengingar) til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförunum 3 mánuðum,
 - notkun á öðrum fartækjum (t.d. margmiðlunar- eða leikjaspilurum, lestölvum eða snjallúrur) til að nota Netið utan heimilis eða vinnustaðar, á undanförunum 3 mánuðum,
 - engin fartæki voru notuð til að tengjast Netinu utan heimilis eða vinnustaðar á undanförunum 3 mánuðum.

B. Umfang

- 1) Hagskýrslueiningarnar fyrir skráningaratriðin sem skráð eru í 2. lið A-hluta þessa viðauka og er varða heimili eru: heimili þar sem a.m.k. einn aðili er í aldurshópnum 16 – 74 ára.
- 2) Hagskýrslueiningarnar fyrir skráningaratriðin sem skráð eru í 2. lið A-hluta þessa viðauka og er varða heimili eru aðilar á aldrinum 16 – 74 ára.
- 3) Landfræðilegt gildissvið samanstendur af heimilum eða einstaklingum, eða hvoru tveggja, sem búa einhvers staðar á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis.

C. Viðmiðunartímabil

Aðalviðmiðunartímabilið fyrir söfnun hagskýrslna er fyrsti ársfjórðungur 2016.

D. Félagsleg- og hagræn bakgrunnsatriði

- 1) Safna á eftirtöldum bakgrunnsatriðum varðandi viðfangsefnið og þau skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið A-hluta þessa viðauka er varða heimili:
 - a) búsetusvæði, tilgreint samkvæmt flokkun svæða í flokkun hagskýrslusvæða 1 (NUTS1),
 - b) (valkvætt) búsetusvæði, tilgreint samkvæmt flokkun hagskýrslusvæða 2 (NUTS2),
 - c) landfræðileg staðsetning, þ.e. hvort búseta er á landsvæðum sem eru á eftir í þróun, búseta á svæðum í umbreytingarferli eða á þróaðri landsvæðum,
 - d) stig þéttbýlismyndunar, þ.e. hvort búseta er á þéttbýlu svæði, búseta á meðalþéttbýlu svæði eða á strjálbýlum svæðum,
 - e) fjölskyldugerð, tilgreina skal fjölda heimilismanna, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 16–24 ára, (valkvætt), fjöldi nema 16–24 ára, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 25–64 ára, (valkvætt) fjöldi einstaklinga 65 ára eða eldri, safna skal sérstaklega fjölda barna undir 16 ára aldri, (valkvætt) fjöldi barna 14 og 15 ára, (valkvætt) fjöldi barna 5–13 ára, (valkvætt) fjöldi barna 4 ára og yngri,

- f) (valkvætt) mánaðarlegar hreinar tekjur heimilis, sem taka skal saman sem gildi eða í stærðarflokkum sem eru samrýmanlegir tekjufjórðungum,
- g) (valkvætt) jafngildar mánaðarlegar hreinar tekjur heimilis, gefnar upp í fimmtungsmörkum,
- 2) safna á eftirtöldum bakgrunnssatriðum varðandi viðfangsefnið og þau skráningaratriði þeirra sem talin eru upp í 2. lið í A-hluta þessa viðauka og tengjast einstaklingum:
- a) kyn,
- b) fæðingarland, tilgreina skal hvort einstaklingur er innfæddur eða fæddur utanlands, í því tilviki skal einnig tilgreina hvort einstaklingurinn er fæddur í öðru aðildarríki ESB eða fæddur í landi utan ESB,
- c) ríkisfangsland, hvort sem einstaklingur er ríkisborgari eða ekki, tilgreina skal hvort einstaklingur er ríkisborgari annars aðildarríkis ESB eða ríkisborgari lands utan ESB,
- d) aldur í heilum árum, (valkvætt) yngri en 16 ára eða eldri en 74 ára eða bæði,
- e) (valkvætt) hjúskaparstaða í reynd, hvort sem búíð er í óvígðri sambúð eða ekki,
- f) menntunarstig, tilgreina skal hæsta stig menntunar sem lokið er með árangursríkum hætti samkvæmt Alþjóðlegu menntunarflokkuninni (ISCED 2011), hvort sem það er á lágsta framhaldsskólastigi (ISCED 0, 1 eða 2), eða efra framhaldsskólastigi og viðbótastigi háskólastigs (ISCED 3 eða 4), eða háskólastigi (ISCED 5, 6, 7 eða 8), eða minna en barnaskólamenntun (ISCED 0), eða barnaskólamenntun (ISCED 1), eða unglingastigi (ISCED 2), eða framhaldsskólamenntun (ISCED 3), eða viðbótarmenntun eftir framhaldsskóla (ISCED 4), eða fyrrihlutanámi á háskólastigi (ISCED 5), eða bakkalársstigi (BA/BS-próf) eða sambærilegu (ISCED 6), eða meistarastigi eða sambærilegu (ISCED 7), doktorsstigi eða sambærilegu (ISCED 8),
- g) atvinnustaða, tilgreina skal hvort einstaklingurinn er starfsmaður eða sjálfstætt starfandi, þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu (valkvætt: starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í fullu starfi, starfsmaður eða sjálfstætt starfandi í hlutastarfi, starfsmaður, starfsmaður í föstu starfi eða með ótilgreindan ráðningartíma, starfsmaður í tímabundnu starfi eða með starfssamning í takmarkaðan tíma, sjálfstætt starfandi þ.m.t. einstaklingar sem vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu),
- h) (valkvætt) tilgreinið atvinnuveg á vinnumarkaði:

Atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE 2. endursk.), bálkar	Lýsing
A	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar
B, C, D og E	Framleiðsla, námugróftur, vinnsla hráefna úr jörðu og aðrar atvinnugreinar
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
G, H og I	Heild- og smásöluverlanir, flutningar, rekstur gististaða og veitingarekstur
J	Upplýsingar og fjarskipti
K	Fjármála- og váttryggingastarfsemi
L	Fasteignaviðskipti
M og N	Viðskiptaþjónusta
O, P og Q	Opinber stjórnýssla og varnarmál, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta
R, S, T og U	Önnur þjónusta

- i) atvinnustaða, tilgreina skal hvort einstaklingur er atvinnulaus eða nemi sem er ekki á vinnumarkaði eða á annan hátt ekki á vinnumarkaði, valkvætt er að tilgreina hvort einstaklingur er á eftirlaunum eða snemmtæknum eftirlaunum eða er hættur atvinnustarfsemi, varanlega fatlaður, í skyldubundinni herþjónustu eða samfélagsþjónustu, heimavinnandi eða utan vinnumarkaðar af annarri ástæðu,
- j) starfsgrein samkvæmt alþjóðlegu starfaflokkuninni (ISCO-08), tilgreina skal hvort einstaklingur er verkamaður, ekki verkamaður, starfsmenn í upplýsinga- og fjarskiptatækni, annað starfsfólk en starfsmenn í upplýsinga- og fjarskiptatækni, og valkvætt, allar starfsgreinar samkvæmt alþjóðlegu starfaflokkuninni (ISCO-08), kóðaðar í tveggja tölustafa þrepi.

E. Tíðni

Leggja á gögnin fram einu sinni fyrir árið 2016.

F. Frestur sem veittur er til að senda niðurstöður

- 1) Senda skal stöku gagnaskrármar til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) fyrir 5. október 2016, þegar bein auðkenning viðkomandi hagskýrslueininga, sem um getur í 6. gr. og 6. lið II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 808/2004, er ekki möguleg. Þann dag skal gagnasafnið verða fullgert, fullgilt og samþykkt.
- 2) Senda skal lýsigögnin, sem vísað er til í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) fyrir 31. maí 2016.
- 3) Senda skal gæðaskýrsluna, sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 808/2004, til Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) fyrir 5. nóvember 2016.
- 4) Afhenda skal Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) gögnin og lýsigögnin í samræmi við skiptistaðalinn sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) tilgreindi, með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu. Afhenda skal lýsigögnin og gæðaskýrsluna á stöðluðu lýsigagnaskipulagi sem Hagstofa Evrópusambandsins (Eurostat) hefur skilgreint.